

Reynir Harðarson
formaður Vantrúar
Holtsbúð 14
210 Garðabæ
S: 565-8775, 697-4593
reynir@vantru.is

Pétur Pétursson
Deildarforseti
Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar
Háskóla Íslands
Aðalbygging v/ Sæmundargötu
101 Reykjavík

Ágæti Pétur.

Félagsmenn í Vantrú hafa undir höndum glærur úr kúrsinum „Nýtrúarhreyfingar“ sem Bjarni Randver Sigurvinsson guðfræðingur kennir við HÍ í guðfræði- og trúarbragðadeild. Að okkar mati hefur Bjarni Randver orðið guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands til minnkunar í umfjöllun sinni um trúlausa og félagið Vantrú þar sem meðferð hans á tilvitnunum í félagsmenn, uppsetning o.fl. er hreinn áróður og skrumskaeling á afstöðu okkar.

Við teljum að efnisval Bjarna Randvers sé að mörgu leyti vafasamt og aðaláherslan er lögð á persónuleg skrif félagsmanna Vantrúar þó enginn skortur sé á efni sem hefur verið skrifað í nafni félagsins sjálfs. Á vef Vantrúar, www.vantru.is, eru hundruð greina sem vitna má í.

Við bendum á að Bjarni Randver Sigurvinsson hefur slík tengsl við Þjóðkirkjuna að ætla má að þau hafi litað málflutning hans í garð Vantrúar, sem hefur haldið uppi harðri gagnrýni á þá stofnun. Bjarni Randver er guðfræðingur og formaður starfshóps Þjóðkirkjunnar um samskipti við önnur trúarbrögð.

(Sjá: http://www.tru.is/sida/hofundar/bjarni_randver_sigurvinsson)

Bjarni Randver hefur aldrei haft samband við Vantrú til að fá upplýsingar um félagið sem hefðu verið auðsóttar. Kynningu á félagsskapnum fögnum við en afskræmingu frábiðjum við okkur. Við förum fram á að þetta kennsluefni, sem og hæfni Bjarna Randvers sem kennara, verði metin í ljósi þeirra athugasemda sem við komum hér á framfæri. Niðurstaða þess mats endurspeglar vonandi faglegan og fræðilegan metnað guðfræði- og trúarbragðadeildar HÍ.

Á vef H.Í. segir: „Auk þess að leggja stund á hefðbundnar greinar guðfræðinnar kosta starfsmenn deildarinnar kapps um að mæta þörfum fjölmenningsfélags. Árið 2000 var í því skyni sett á laggirnar þverfaglegt nám í almennum trúarbragðafræðum.“ Þarfir fjölmenningsfélags eru tvímælalaust þær að afstaða ólíkra hópa sé kynnt af sanngirni og hlutleysi. Ef guðfræði- og trúarbragðafræðideild á að vera eitthvað annað en guðfræðideild eða prestaskóli ríkiskirkjunnar er þörf á gagngerri endurskoðun þessa áfanga Bjarna Randvers.

Við gerum athugasemdir við tvær glæruraðir:

A: Deistar o.fl. 37 glærur.

B: Vantrú. 37 glærur.

Glærur þessar auk nokkurra athugasemda eru í fylgiriti.

Þegar þú hefur kynnt þér þetta erindi óska ég eftir fundi með þér til að ræða efni þess og fá viðbrögð þín.

Virðingarfyllst,

Reynir Harðarson, formaður
fyrir hönd Vantrúar

A Deistar o.fl.

Á fyrstu glærunum er fjallað um deista, frjálsslynda, unitara, guðleysingja og hugmyndir þeirra, bæði hérlendis og erlendis.

Niels Dúngal prófessor:

Þegar kemur að prófessor Niels Dungal og bók hans „Blekking og þekking“ þykir okkur sem Bjarni Randver missi sjónar á aðalatriðum og umfjöllun hans og val á tilvísunum einkennist frekar af andúð og áróðri en upplýsingu og fræðslu.

Á **glæru númer 24**, Blekking og þekking eftir Niels Dungal, er mynd af höfundi og bókinni sem er óvægin gagnrýni á kristni og kirkju.

En á næstu **glæru, nr. 25**, er síða úr bókinni en hún fjallar ekki um megingagnrýni Niels heldur umfjöllun hans um Pál postula og getgátur um göngulag hans. Innrammaður texti virðist fremur dreginn fram til að hæðast að höfundi en að kynna málstað hans eða meginefni bókarinnar.

Á **glæru nr. 26** er birt önnur blaðsíða og strikað með rauðu undir setninguna „Í öllu Nýja testamentinu er hvergi minnst á vináttu.“

Á **glæru nr. 27** er enn önnur blaðsíða úr Blekking og þekking og strikað með rauðu undir: „En þekkingin getur átt eftir að gefa oss betra fólk í betra landi, þegar ný og voldug orkutækni hefur brætt ísinn af sjó og landi og skapað hér betri og veðursælli jörð.“

Þar með lýkur umfjöllun um bókina Blekking og þekking. Sú mynd sem fæst af Nielsi Dungal og riti hans er að þessi prófessor í læknisfræði hafi verið með hægjar hugmyndir um göngulag Páls postula, talið vináttu óþekkt í Nýja testamentinu (hún er reyndar hvergi nefnd á nafn þar, ólíkt Hávamálum) og verið með undarlegar hugmyndir um mátt „orkutækninnar“. Er þetta ekki háðugleg útreið og skrumskæling frekar en einleig viðleitni til að koma til skila meginboðskap höfundar?

Helgi Hóseasson:

Á **glæru 30** er mynd af kápu bókarinnar „Á meðan einhver þorir. Mannréttindabarátta Helga Hóseassonar“.

Glæra 31 eru myndir af því þegar Helgi sletti skyrinu við setningu Alþingis.

En **glæra 32** fjallar ekki um baráttumál Helga eða trúleysi hans heldur heitir hún „Dæmi um kveðskap Helga Hóseassonar“ og sýnir mynd af bókinni „Þrælar og draugar“. Til hliðar eru tvær vísur Helga, önnur um Kristján Eldjárn og hin um Bjarna Benediktsson, sem endar svo: ...maklegur brann ráðherrann.

Glæra 33 sýnir blautleg erindi „Smollinkríun Krosslafs“ en það svæsnasta yfirstrikað með gulu. Einni er gulyfirstrikað að Helgi yrkir um „þingsetann“ Ragnhildi Helgadóttur og yfir línuna „Ragnhildi skal ríða smokkklaustr“.

Á **glæru 34** hefur verið komið fyrir úrklippum af þremur kvæðum Helga, einu um Sigurbjörn Einarsson biskup, öðru um Pétur Sigurgeirsson biskup og því þriðja um „Kynvilling Árelíus bjölluhringjara“ Níelsson.

Glæra 35 er tvö erindi sem Helgi orti í tilefni af því að hann var kallaður Skyrgámur í blöðum en erindi fjalla um skyrslættur og tjöruslættur.

Á **glæru 36** er úrklippa af blaðgrein sem birtist vegna fráfalls Helga í september 2009 með mynd af Reyni Harðarsyni (sem er síðar nefndur einn af áberandi mönnum Vantrúar) og fyrirsögnin er „Helgi var heiðursfélagi í Vantrú“. Í greininni kemur fram að nafnið Siðmennt megi rekja beint til orðsnilldar Helga Hóseassonar.

Á **glæru 37** má sjá kafla úr einhverju riti Helga (væntanlega) sem ber heitið „Þjófar“. Þar er yfirstrikað með rauðu: „Reynir Harðarson stal frá mér ellefu „Human – Etikk“ ritum.“ Og einnig: „Helgi Sigurðar sonur stal frá mér nafninu „Sið – Mennt.“ Ég skrifaði það á eitt Human – Etikk ritið, þegar ég hugleiðdi nafn á samtökunum. Reynir sýndi honum það. Þaðan stal Sigurarð son nafninu „Sið – Mennt“ og kom því á framfæri við stofnanda samtakanna sem sinni hugmynd.“

Er þetta sanngjörn samantekt á baráttu Helga Hóseassonar við kirkjuna eða trúleysi hans? Er þetta sanngjarnt yfirlit um „mannréttindabaráttu“ hans? Hvað ræður efnisvali Bjarna Randvers? Hvernig má útskýra uppröðun glærana?

Helgi Hóseasson er einungis kynntur sem orðljótt níðskáld og klámkjaftur. Í kjölfar þess er því slengt upp að hann hafi verið heiðursfélagi í Vantrú. Og síðan klikkt út með þjófkenningu Helga á hendur þeim félagi í Vantrú (og Siðmennt) sem vottaði honum virðingu að honum nýlátnum.

Hver er tilgangur svona uppsetningar?

B. Vantrú

Á **glæru 1** koma fram smávægilegar staðreyndavillur sem eru auðskýrðar með þekkingarleysi Bjarna Randvers eða rangtúlkunum og við eltum ekki ólar við en bendum þó að að Bjarni segir : „4. janúar 2009 sagðist Vantrú hafa hjálpað 757 einstaklingum að **yfirgefa Þjóðkirkjuna**.“

Á síðu vantrúar þennan dag stóð hins vegar:

„Vantrú hefur náð að aðstoða um 750 manns við að **leiðrétta trúfélagsskráningu** og með þessari þjónustu höfum við vonandi náð smá vitundarvakningu meðal landsmanna.“

<http://www.vantru.is/2009/01/04/12.00/>

Þeir sem leiðrétta trúfélagaskráningu sína skrá sig oftast úr Þjóðkirkjunni (þar eru jú flestir) en þó eru dæmi (tvö af (nú) þúsund) um að menn hafi skráð sig í Þjóðkirkjuna í leiðréttingu á vegum Vantrúar.

Á **glæru 2** eru birtar myndir af „nokkrum af helstu liðsmönnum Vantrúar“. Sumar þessara mynda eru varðar höfundarétti, sem Bjarni Randver getur ekki.

Glæra 3 kallast „Innblástur“ og þar má sjá lista yfir „helstu hugmyndafræðinga sem vísað er til“.

Allir eru þessir menn vel kunnir vantrúarmönnum en líklega neituðu þeir flestir að nokkur þeirra væri hugmyndafræðingur sinn þótt sumir þeirra hafi e.t.v. veitt einhverjum innblástur einhverju sinni. Þessi uppsetning dregur upp mynd af skósveinum eða lærisveinum einhverra meistara, nokkuð sem fer oftar en ekki illa í sjálfstætt hugsandi menn.

Glæra 4 er kynning á Dan Barker.

Lokapunktur Bjarna Randvers á glærunni um hann er: „Tapaði dómsmáli fyrir hæstarétti Bandaríkjanna 2007.“

Er það meginatriði, segir það eitthvað um málstað Dans eða má vera að þessu sé varpað fram til þess eins að varpa rýrð á Dan Barker?

Glæra 5 er umslag mynddisks með samræðum Richard Dawkins, Daniels C. Dennetts, Sam Harris og Christopher Hitchens.

Glæra 6 og 7 eru skjámyndir af **einkabloggi** Óla Gneista (formanni Vantrúar 2009) þar sem hann lýsir yfir mikilli ánægju sinni með trúleysiráðstefnuna 2006 og lýsing á kynnum hans af Richard Dawkins. Þessar tvær færslur virðast hafa verið sérvaldar af fjölmörgum sem Óli skrifaði um ráðstefnuna út frá því að Richard Dawkins er þar í aðalhlutverki. Tilgangur Bjarna virðist vera að sýna að vantrúarmenn sem lærisveina eða skósveina Richards Dawkins. Ekki virðist vera að Bjarni hafi talið þörf á að útskýra þessi skrif með hliðsjón af því að Óli Gneisti

var í skipulagsnefnd umræddar ráðstefnu og gleði hans skýrist að miklu leyti af því að hafa skilað af sér góðu verki.

Á **glæru 8** má sjá forsíðu bókarinnar „God Delusion“ eftir Richard Dawkins. Til hliðar eru tvær tilvitnanir, sú fyrri í Richard og sú síðari í Óla Gneista. Texti Bjarna Randvers:

„Dawkins áréttar mikilvægi þess að vera stoltur guðleysingi:

„Being an atheist is nothing to be apologetic about. On the contrary, it is something to be proud of, standing tall to face the far horizon, for atheism nearly always indicates a healthy independence of mind and, indeed, a healthy mind.“
(Dawkins, Richard: The God Delusion. Black Swan. London. 2007. Bls. 26.)

„Ég er stoltur af trúleysi mínu, ég er glaður að ég er trúleysingi. Það er ekki neikvætt að vera trúlaus heldur jákvætt.“
(Óli Gneisti Sóleyjarson: „Trúleysi er ekki jaðarskoðun.“ Morgunblaðið. 2. ágúst 2006. Bls. 28.)“

Tilvitnunin í Óla sett undir fyrirsögn sem gefur til kynna að hún sé undir áhrifum frá Dawkins sem hún er ekki. Í ágúst 2006 var bókin God Delusion ekki komin út. Er tilgangurinn að sýna fram á áhrif „hugmyndafræðingsins“ á lærisveininn?

Glæra 9.

Fullyrða vantrúarmenn um trúarleg efni.

Matthías Ásgeirsson.

Tilvitnanir í **einkablogg** Matthíasar (fyrir stofnun Vantrúar!). Sem oftast eru birtar hálfar setningar. Það er ekki eins og Matti hafi verið latur við að skrifa á Vantrú eða blaðagreinar. Vitnað er í einkablogg Matthíasar, nánar tiltekið í pistil sem skrifaður var fyrir stofnun Vantrúar. Klippið er á setningar, skáletrun í orðinu „við“ vantar og veigamiklum atriðum sleppt, væntanlega til að láta fullyrðingar Matthíasar virðast einfaldari en þær eru. Þannig má ljóst vera þegar textinn er lesinn í samhengi að Matthías gerir grín að miðilsfundum en erfitt er að lesa það úr tilvitnun Bjarna.

Hvað er dauðinn? Dauðinn er það sem tekur við þegar lífinu líkur, þegar heilinn hættir að starfa, meðvitundin slokknar í síðasta sinn. Við vorum öll dauð áður en við fæddumst, förum í nákvæmlega sama ástand eftir að við deyjum, eini munurinn er sá að við skiljum eftir okkur kjötskrokk. Ég vil láta brenna það sem verður eftir af mínum. Við verðum ekki lengur til. Það er

ekkert himnaríki, ekkert helvíti, engir handanheimar fullir af heilalausum hálfvitum sem muna ekki hvað þeir heita en þurfa endilega að komast í samband við fjarskylda ættingja til að segja þeim að hætta að stressa sig á peningamálum. Eftir að við deyjum verðum við álíka meðvituð um tilvistarleysi okkar og við vorum áður en við vorum getin.
Ég held það sé ekki nokkur von um að menn geti öðlast almennilega virðingu fyrir því hversu lífið er dýrmætt fyrr en þeir troða þeir inn í hausinn á sér að við fáum bara eina umferð, einn séns og ef við klúðrum því þá er það búið. Ekkert Undo, ekkert Copy-Paste.

Seinni tilvitnun er tekin af bloggsíðu séra Arnar Bárðar og uppgefin slóð virkar ekki. Afrit af athugasemd Matthíasar er á slóðinni [<http://ornbardur.annall.is/2004-12-09/16.10.20/>]

„Það er rétt að trúleysi mitt er sterkt og vissa mín er nokkuð mikil, næstum því trúarleg. En ég fullyrði ekki að ekki sé hugsanlega tí[1]. “einhver æðri máttur”. Mér finnst það ekki líklegt, ég tel það satt að segja fáránlega hugmynd, en ég fullyrði ekkert um það, ég get bara ekki vitað það. Það eina sem þarf til að fá mig til að fallast á að til sé svona máttur er að sýna mér sönnun fyrir því, það þarf ekkert annað. Þarna er eðlismunur, svo maður noti það orð enn og aftur, á viðhorfi mínu og trúaðra. Aftur á móti fullyrði ég að kristnar sögur eru mýtur, Guð kristinna manna fullkomin þverstæða og þar með ekki til og að ekkert bendir til að Jesús hafi verið raunveruleg persóna og að það er fullkomlega klikkað að trúa því að hann hafi framkvæmt kraftaverk, dáið á krossinum og risið upp frá dauðum.“

Þetta seinna dæmi er grófara því textinn á undan tilvitnun Bjarnastangast á við það sem hann vill sannfæra nemendur um, þar tekur Matthías fram að hann geti ekki fullyrt um „einhvern æðri mátt“.

Glæra 10.

„Fullyrða vantrúarmenn um trúarleg efni?
[...]
„Svo það sé alveg ljóst þá er enginn fræðimaður sem er tekinn alvarlega innan eðlisfræðiheimsins sem heldur því fram að alheimurinn hafi orðið til út frá hugsun. Þetta er einfaldlega kjaftæði.“ (Óli Gneisti Sóleyjarson: „Óskhyggjan og leyndarmál græðginnar.“ Morgunblaðið. 11. október 2007. Bls. 34.)“

Í heild sinni fjallar tilvitnunum um rangtúlkanir á skammtafræði í bókinni Leyndarmálið (The Secret). Þarna er ekkert fullyrt um trúarlegt efni nema ef Bjarni vill kalla skammtafræði trúarlega. Bjarni hefur tekið þetta úr eftirfarandi texta:

„Þarna er reyndar að finna einhverja sjálfssagða hluti eins og að það sé gott að hugsa jákvæðar hugsanir en síðan koma viskuperlur á við að "Lögmál aðdráttaraflsins er Alheimslögmálið sem skapaði heiminn. Samkvæmt lögmáli skammtafræðinnar í eðlisfræði varð alheimurinn til út frá hugsun." Það ætti að

vera óþarfi að taka fram að þetta er bara rugl. Allskonar rugludallar vísa í skammtafræði til þess að réttlæta hugmyndir sínar vitandi að nær enginn skilur þetta svið vísindana. Svo það sé alveg ljóst þá er enginn fræðimaður sem er tekin alvarlega innan eðlisfræðiheimsins sem heldur því fram að alheimurinn hafi orðið til út frá hugsun. Þetta er einfaldlega kjaftæði.“
<http://www.vantru.is/2007/10/11/10.28/>

Glæra 11.

„Fullyrða vantrúarmenn um trúarleg efni?
Hjalti Rúnar Ómarsson:
„... að guð sé ekki til ... er líkt því að að tveir plús þrjú séu fimm nema þá að maður endurskilgreini tvo eða þrjú eða þá hafni stærðfræði eins og hún leggur sig. ... allt bendir til þess að guð sé ekki til, annað er bara sjálfsblekking.“ (www.vantru.is 21-10-04.)“

Hjalti var að tala um bölsvandann og að niðurstaðan leiði af forsendunum eins og $2+3=5$ og að eina leiðin til þess að komast hjá bölsvandannum væri að krukka í annarri hvorri forsendunni eða þá að afneita bara rökfræði. Hann var ekki að segja að tilvistarleysi guðs væri jafn augljóst og $2+3=5$. Þetta er nokkuð gróft dæmi um hvernig Bjarni Randver klippir til. Þessir þrjú stöku hlutar tilvitnunarinnar eru upprunalega ekki tengdir á neinn hátt og eru alveg komnir úr öllu samhengi. Síðasti hlutinn er líka um sex efnisgreinum á eftir þeim sem komu næst á undan. Enginn getur heldur séð að hér er verið að tala um hinn svokallaða bölsvanda í kristni.

<http://www.vantru.is/2004/10/21/00.00/>

Glæra 12 eru tilvitnanir í **einkablogg** Vésteins Valgarðssonar, sem vissulega er þó meðlimur í Vantrú.

Glæra 13 er tilvitnun í Birgi Baldursson og af Vantrú.

Næst tekur við allundarlegur glæruflokkur sem ber heitið „**Einkennist starfsemin af trúboði?**“

Glæra 14 er tilvitnun í Hjalta Rúnar í Stúdentablaðinu.

Glæra 15 er tilvitnun í Óla Gneista í Morgunblaðinu.

Nú hefði maður haldið að yfirlýsing um að vilja gera þjóðkirkjuprest að stoltum trúleysinga væri augljóst dæmi stríðni sett fram í glensi. En skortur á húnor er kannski ekki réttmætt umkvörtunarefni.

Glæra 16 er tilvitnun í Véstein af **einkabloggi** hans.

Glæra 17 er tilvitnun í Birgi af Vantrú.

Öllum þessum glærum er ætlað að sýna fram á að Vantrú stundi „trúboð“ þegar Hjalti segir strax á fyrstu glæru: „Ef allar tilraunir til þess að sannfæra aðra um réttmæti skoðana sinna er trúboð, þá er þetta trúboð.“

Af hverju er Bjarna Randver svo mjög í mun að sýna fram á trúboð Vantrúar? Er hér ekki um vandlega valdar tilvitnanir að ræða oft af einkabloggum manna og útúrslúning fremur en sanngjarna umfjöllun um stefnu og aðferðafræði Vantrúar?

Glæra 18 ber titilinn „Um málefnalegar umræður“ og er tilvitnun í Birgi af Vantrú. Eftirfarandi setning er feitletruð: „Við erum afdráttarlaus og reynum að sjálfsögðu að sýna fólki fram á það ef okkur finnst skoðanir þess rangar.“

Þvínæst er **glæra 19** sem heitir „Um trúarskoðanir annarra“ og er svona í heild sinni:

„Örfá dæmi:

„... mér finnst fátíðlegt að það sé bundið í lög að ekki megi draga dár að eða smána trúarkenningar eða trúarleiðtoga.“ (Matti á www.orvitinn.com 5-6-03.)

„Ég er orðinn þreyttur á trúmönnum sem ... móðgast svo þegar þeir eru kallaðir hálfvitar.“ (Matti á www.birgir.com 2-10-02.)

„... á póstlista SAMT ... virðast flestir þeirra skoðunar að meðlimir SAMT eigi að vera sérstaklega umburðarlyndir og frjálslýndir í garð (trúar)skoðana fólks. Ég er náttúrulega ósammála þessu ... Ég er hrokafullur andskoti og ég ber ekki virðingu fyrir sumu fólki.“ (Matti á www.orvitinn.com 23-9-02.)

„Þeir sem raunverulega byggja siðferði sitt á henni eru upp til hópa frekar ógeðfellokir öfgatrúarmenn.“ (Óli Gneisti Sóleyjarson: „Siðferðilegur grunnur lífsins?“ 24 stundir. 31. október 2007. Bls. 16.)“

Þótt hér eigi Vantrú að vera til umfjöllunar sem fyrr er **engin tilvitnun af vef Vantrúar** heldur af einkabloggi og úr blaðagrein.

Sé tilvitnun í **athugasemd Matta á einkabloggi Birgis** (!) skoðuð án samhengis virðist um fádæma rudda of öfgamann að ræða. En hér er stærra brot af orðum Matta:

Þótt hér eigi Vantrú að vera til umfjöllunar sem fyrr er **engin tilvitnun af vef Vantrúar** heldur af einkabloggi og úr blaðagrein.

Tilvitnanir í Matthías eru allar frá því fyrir stofnun Vantrúar og teknar af bloggsíðum. Nóg hefur hann skrifað á Vantrú og því er áhugavert að Bjarni skuli ekkert finna til að vitna í á þeirri síðu fyrst hann segist vera að fjalla um félagið.

Í fyrstu tilvitnun sést að Bjarni sleppir upphafi textans. Það sem ekki sést er að Bjarni lengir textann í raun því það sem hann sleppir eru tveir bókstafir, í staðin koma þrír punktar. Setningin hefst á orðin „Já“. Ef það orð væri með væri ljóst að Matthías er að svara spurningu. Sú staðreynd gæti haft áhrif á túlkun nemenda.

„Ég er orðinn þreyttur á trúmönnum sem halda að þeir geti vaðið uppi í þessu samfélagi, hrópandi yfirlýsingar í allar áttir. Hótandi mönnum heljarvist og eilífðar- kvölum... og móðgast svo þegar þeir eru kallaðir hálfvitar.

Takið ykkur tak, hlustið á það sem þið eruð að segja.

Það er EKKERT HEILAGT við skoðanir ykkar. Þær eru einfaldlega órökstuddar skoðanir sem hafa verið inn- prentaðar í ykkur. Því fyrir sem þið gerið ykkur grein fyrir því, því meiri er vonin um að þið losnið undan þessum fiflaskap.“

Þriðja tilvitnun sýnir vandann við að taka texta úr bloggfærslum úr samhengi.

Rödd skynseminnar hefur þó hljómað í þessari umræðu líka og bent á að engin ástæða sé til að bera virðingu fyrir röngum skoðunum. Bera skal virðingu fyrir fólki. Ég á erfitt með það 😊Jamm, ég játa það. Þetta er vandamál sem ég geri mér grein fyrir. Ég er að vinna í þessu.

Ég er hrokafullur andskoti og ég ber ekki virðingu fyrir sumu fólki.

Reyndar held ég að þetta eigi við um marga aðra, þeir ljúga bara til um virðinguna. Svo hef ég aldrei geta skilið af hverju trúarskoðanir eiga að vera eitthvað sérlega merkilegar. Af hverju á virðing fyrir skoðunum að vera í öfugu hlutfalli við rökin fyrir þeim? Mér hefur stundum fundist það vera viðkvæðið. Sérstaklega finnst mér þetta merkilegt í ljósi þess að trúleysi og efahyggja nýtur gríðarlega lítillar virðingar ef út í það er farið. Flestir hika ekki við að tjá skoðun sína á trúleysi án þess að hafa til þess nokkrar forsendur eða rök.

Jæja, annars er Liverpool besta fótboltaliðið í heiminum og stuðningsmenn annarra liða eru fávitar 😊Ég vona að þið virðið þessa trú mína, annað væri ljótt af ykkur. Þegar samhengið er skoðað breytist tónninn í orðum Matthíasar töluvert, broskarl er notaður til að gefa í skyn að honum sé ekki full alvara og endað á að snúa öllu á haus. Nemendur Bjarna hafa ekki hugmynd um það.

Hvað útskýrir útfellingar Bjarna Randvers? eru þær líklegar til að auka skilning eða andúð á manninum og málstað hans? Er þetta áróður eða kennsla?

Vantrúarmönnum þykir sérlega mikilvægt að **glæra 20** sé skoðuð alveg sérstaklega en hún ber titilinn „**Orðbragðið**“. Á henni stendur:

Nafngreindir einstaklingar eru m.a. kallaðir:

-drusla.	-mannandskoti
-asni.	-djöfulsins gunga
-bjáni.	-geðsjúklingur
-fáviti.	-augljóslega snarbiluð
-fífl.	-manneskja.
-bölvaður fábjáni.	-drullusokkur.
-falskur og ómerkilegur.	-leiðinlegur
-trúarrugludallaleiðtogi, loddari	-greinilega

-og brjálæðingur.	-eitthvað skemmdur
-rugludallur.	+Margt af þessu er sótt
-hlandspekingur.	í skrif Matta sem verið
-trúarnöttari.	hefur formaður Vantrúar

Bjarni birtir lista af dónaskap sem hann hefur dundað sér að safna af vefsíðum tengdum félagsmönnum og hugsanlega Vantrú. Við neitum ekki að við notum oft orðalag sem öðrum finnst óheft en við teljum óhæfu að birta svona lista án samhengis. Við höfum ekki lagt í að elta uppi hvaðan þetta er fengið en sem dæmi um rangfærslu hjá Bjarna Randver má nefna orðið „hlandspekingur“. Það orð hefur aldrei verið notað í tengslum við neinn „nafngreindan einstaklinginn“. Matthías Ásgeirsson notaði orðið hlandspekingur hins vegar tvisvar í vísun í meðferð sem heitir á ensku Urine therapy (Þvagmeðferð/Hlandmeðferð).

Ef orðið „asni“ er skoðað sést að í langflestum tilvikum notar Matthías það um sjálfan sig á bloggsíðu sinni. Það sama gildir um orðið „bjáni“.

Sum orðin finnum við alls ekki, hvorki á bloggsíðu Matthíasar eða á Vantrú!

Aftur hljótum við að spyrja hvort hér er um fræðslu að ræða eða einstrengingslegan áróður. Hvaða tilgangi þjónar þessi glæra? Er hún málefnaleg eða sanngjörn? Gefur hún rétta mynd af umfjöllunarefni guðfræðingsins?

Glæra 21 er í mynd af bókarkápu sem ber heitið „Verndum þau“ og til hliðar segir:

„Er hægt að tala um andlegt ofbeldi í tengslum við orðræðu ýmsra vantrúarmanna?
 „Hvað er andlegt ofbeldi?
 Andlegt ofbeldi á sér stað þegar barn er móðgað, kallað ónöfnum eða komið er fram við það á ómanneskjulegan hátt. ... Andlegt ofbeldi getur meðal annars birst ... með ... niðrandi tali. ... Neikvæð umræða um aðra er niðurbriótandi.“
 (Ólöf Ásta Farestveit & Þorbjörg Sveinsdóttir: Verndum þau. Hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglingum. Mál og menning. Reykjavík. 2006. Bls. 39-41.)“

Sé bókin skoðuð sést eftirfarandi texti:

"Hvað er andlegt ofbeldi?

Andlegt ofbeldi á sér stað þegar barn er móðgað, kallað ónöfnum eða komið er fram við það á ómanneskjulegan eða niðrandi hátt. Andlegt ofbeldi á sér oftast stað á heimilum en einnig getur andlegt ofbeldi átt sér stað utan heimilis, t.d. einelti í skólum. Margt af því sem fram hefur komið um fjölskyldur þar sem

líkamlegu ofbeldi er beitt á einnig við þegar um andlegt ofbeldi er að ræða. Í mörgum tilvikum helst þetta einnig í hendur þannig að barn er bæði beitt líkamlegu og andlegu ofbeldi.

Dæmi um andlegt ofbeldi er ef foreldri eða annar nókominn einstaklingur er sífellt að setja út á útlit barnsins eða skap eða ef viðkomandi einstaklingur er alltaf að gagnrýna það sem barnið er að gera. Andlegt ofbeldi getur meðal annars birst í formi markviss andlegs niðurbrots á barni, afneitunar á barni, með langvarandi þögn í refsingarskyni og niðrandi tali. Það er líka skilgreint sem andlegt ofbeldi þegar barn verður vitni að ofbeldi á milli forelda sinna."

Svo kemur texti áfram og kaflaskil:

„Fræðsla sjálfstyrking

Börn og unglingar þurfa að læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Neikvæð umræða um aðra er niðurbjótandi. Börn þurfa einnig að fá fræðslu um að það bitni líka á þeim sjálfum þegar þau tala illa um aðra. Þau geta orðið hrædd um að aðrir tali þannig um þau og vinátta og kunningsskapur við aðra fer að snúast um að halda í vini með því að reyna að bæja öðrum frá með illu umtali. Það er mikilvægt að efla sjálfsmynd þeirra sem verða fyrir andlegu ofbeldi og þeir þurfa oft á makvissri faglegri sjálfstyrkingu að halda.

Enn vakna spurningar um faglegan metnað Bjarna Randvers, sem og háskólans. Meðferð hans á texta er svo frjálslig að það eitt og sér hlýtur að vekja furðu og áhyggjur, ef ekki vandlætingu.

Textinn úr þessari bók er tekinn úr samhengi í fleiri en einum skilningi. Þarna er verið að ræða um **BÖRN ekki fullorðna einstaklinga**. En ekki þarf að spyrja um ásetning Bjarna Randvers þegar glæran á undan er skoðuð. Vantrúarmenn eru greinilega ofbeldismenn sem brjóta niður guðfræðinga og trúmenn (börn).

Glæra 22 er af blaðagrein Vésteins Valgarðssonar sem ber heitir „Trúleysingjar eru líka fólk“ og hann gagnrýnir rangfærslur kirkjunnar manna á málflutningi Siðmenntar. Sem fyrr eru gul yfirstrikun Bjarna Randvers athyglisverð. Á einum stað er þó ekki bara gul yfirstrikun á texta heldur strikað undir með rauðu: „Karl Sigurbjörnsson hefur sent okkur trúleysingjunum ófáar sneiðarnar á undanförunum árum. Til dæmis hefur hann líkt okkur við siðleysingja og sagt lífsviðhorf okkar „mannskemmandi og sálardeyðandi“ og að þau ógni mannlegu samfélagi.“

Þegar þessi glæra er birt eftir heila glæru af uppnefnum og svo aðra sem segir að slíkt sé ofbeldi er rökrétt að álykta að þessi glæra eigi að sýna að svo vogi þessir ógurlegu menn sér að kvarta undan ónotum í sinn garð.

Glæra 23 eru tilvitnanir í Birgi Baldursson „um guðlast“. Báðar eru teknar af **einkabloggi** Birgis fyrir stofnun Vantrúar.

Glæra 24 er skjámynd af **einkabloggi** Óla Gneista um „fasísk lög“ þar sem hann gagnrýnir lög um íslenska þjóðsönginn. Þessi glæra stingur verulega í stúf enda er þarna frjálslendi vinstri maðurinn Óli að tjá sig um mál sem tengist hvorki trúleysi hans né félaginu Vantrú.

Glæra 25 er skjámynd af síðu Vantrúar þar sem Grænendingum var hælt fyrir að hafa valið krosslausan fána.

Glærur 26-30 eru myndir af bæklingnum „Kertasnýkir, Jesú og félagar þeirra“, sem er þýðing á erlendum bæklingi ætlaður börnum og SAMT lét útbúa (en dreifði aldrei). Sem fyrr sýna gular yfirstrikanir Bjarna Randvers hvað hann telur mikilvægast í þessum bæklingi. Það sem strikað er undir með rauðu er þó greinilega aðalatriði í huga Bjarna. eru þessar yfir- og undirstrikanir til að merkja það mikilvægasta í textanum eða gefur það fyrst og fremst til kynna hvað angrar guðfræðinginn?

Á **glæru 31** má sjá ljósmyndir af mótmælastöðu nokkurra vantrúarmanna auk Helga Hóseassonar við setningu Alþingis 2004. Sennilega á Vantrú að setja niður að vera spyrnt þarna við níðskáldið ógurlega. Mótmælaspjöld og kross með bangsa á eru áberandi.

Á **glæru 32** er mynd af mótmælendum Votta Jehóva með mótmælaspjöld (líklega frá þriðju eða fjórða áratug síðustu aldar í Bandaríkjunum!) og texti Bjarna við hlið myndarinnar hljóðar svo:

„Vottar Jehóva halda því fram að trúarbrögð séu af hinu illa og þeir einir hafi höndlað sannleikann. Á kreppuárunum komu þeir oft saman á opinberum vettvangi með mótmælaspjöld þar sem þeir mótmæltu trúarbrögðum og tengslum þeirra við ríkisvaldið.“

Hvort segir þessi texti meira um Vantrú eða fordóma Bjarna Randvers í garð Vantrúar? Er guðfræðingurinn að koma þeirri hugmynd að nemendum sínum að vantrúarmenn „haldi því fram að trúarbrögð séu af hinu illa og að þeir einir hafi höndlað sannleikann“? Ekki verður annað séð. Er þetta fræðsla eða áróður?

Þótt **glæra 33** eigi líklega að fjalla um Vantrú er helmingur hennar skjámynd af **einkabloggi** „framhaldsskólakennara í Reykjavík“! Á síðunni eru þrjár teikningar af Múhameð spámanni (líklega). Á þeirri fyrstu er hann að kasta af sér vatni, á annarri er hann teiknaður sem bleyjubarn og á þeirri þriðju liggur hann undir Jesú í samfarastellingu (andlit þeirra sett inn á indverska teikningu). Myndirnar eru líklega viðbrögð við heilagri reiði múslima vegna

skopmyndamálsins í Jyllandsposten og settar fram til að styðja við tjáningarfrelsið. Texti Bjarna á glærunni er svohljóðandi:

„Megin vandinn við herskáan málflutning Dawkins og fylgismanna hans gegn þeim trúarbrögðum sem þeir fyrirvíta er að hann er vatn á myllu haturshreyfinga sem grafa undan allsherjarreglu samfélagsins og almennu siðferði með því að ...

- smána hvaðeina sem er öðrum heilagt.
 - umbera ekki trúartjáningu á opinberum vettvangi.
 - skerða málfrelsi trúaðra.
 - andmæla almennum mannréttindum á borð við að foreldrar veiti börnum sínum trúarlegt uppeldi og börn fái að tjá sig um trúarefni í skólum.
 - leggja í einelti m.a. með uppnefnum þá sem hafa önnur viðhorf.
 - fordæma minnihlutahópa á borð við gyðinga.
 - ástunda guðleysistrúboð í neikvæðri merkingu þess orðs.
-
- Myndin hér til hliðar er af bloggsíðu framhaldsskólakennara í Reykjavík.
 - Lengst af var síðan öllum aðgengileg en er nú aðeins fyrir innskráða. Múslimar á Íslandi mótmæltu síðunni hjá Morgunblaðinu og viðkomandi framhaldsskóla.
 - Höfundur tekur þátt í umræðum hjá Vantrú en óvíst er hvort hann telst félagi.

Þessi glæra þykir okkur með ólíkindum. Enn er notast við áróðursbragðið „guilt by association“. Klámfengnar teikningar á bloggi manns eru teknar sem dæmi um málflutning Vantrúar þótt þessi maður tengist Vantrú ekki á nokkurn hátt annan en þann að hann hefur tjáð sig við færslur á Vantrú (líkt og margir guðfræðingar hafa gert). Auðvitað eru myndirnar ekki í neinu samhengi við nokkuð. En það eru **niðurstöður og samantekt Bjarna á þessari glæru sem segja í raun allt sem segja þarf um afstöðu kennarans og guðfræðingsins til Vantrúar.**

Þessi glæra er birt sem samantekt og niðurstaða eftir skrumskælda umfjöllun um Vantrú.

Vantrú er ekki „herská“ samtök. Vantrú býr ekki yfir neinum her né vopnum öðrum en orðum. Orðið herskár er auðvitað afar gildishlaðið. En vissulega er Vantrú í baráttu. Vantrúarmenn eru ekki „fylgismenn“ Dawkins, þótt þeir hafi lesið hann og jafnvel vitnað í hann, hitt og kunni vel að meta framlag hans.

Fulldjúpt er í árina tekið að segja okkur „fyrirlíta“ þau trúarbrögð sem við gagnrýnum, þótt oft sé gagnrýnin hörð.

Og hvað hefur kennarinn fyrir sér í því að við séum „vatn á myllu haturshreyfinga“? Er þessu slengt fram án nokkurra skýringa í kennslustundum?

Því fer fjarri að við:

- „smánum hvaðeina sem er öðrum heilagt.“

Margt gagnrýnum við og smánum jafnvel en ekki hvaðeina.

- „**umberum ekki trúarjátningu á opinberum vettvangi.**“ Hvernig lýsir þetta ógurlega umburðarleysi sér? Er Bjarni að rugla saman andstöðu okkar við samkrull ríkis og kirkju, Alþingis og messuhalds, trúariðkana og kennslu í grunnskólum við eitthvað allt annað. Hvað er trúarjátning á opinberum vettvangi?

- „**skerðum málfrelsi trúaðra.**“

Mál- og tjáningafrelsi eru ein mikilvægustu frelsi hvers manns. Að væna Vantrú um að skerða málfrelsi trúaðra er ekki aðeins rangt heldur móðgandi í meira lagi. Hvernig skerðir Vantrú málfrelsi trúaðra? Vantrúarmenn telja sig þvert á móti varðmenn mál- og tjáningarfrelsis, meðal annars í baráttu gegn lögum um guðlast.

- „**andmælum almennum mannréttindum á borð við að foreldrar veiti börnum sínum trúarlegt uppeldi og börn fái að tjá sig um trúarefni í skólum.**“

Vantrú telur sig einmitt berjast fyrir þeim mannréttindum foreldra að mega ala börn sín upp samkvæmt eigin sannfæringu í trúmálum án íhlutunar ríkisvaldsins eða ríkiskirkjunnar, meðal annars í leik- og grunnskólum. Hvar hefur komið fram sú skoðun að börn megi ekki tjá sig um trúarefni í skólum? Er Bjarni Randver að rugla saman trúariðkun annars vegar og tjáningu um trú hins vegar? Stafar þessi ruglingur af skilningsleysi eða er hér vísvitandi reynt að slá ryki í augu nemenda guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands?

- „**leggjum í einelti m.a. með uppnefnum um þá sem hafa önnur viðhorf.**“

- Þótt stór orð hafi fallið einhvers staðar í einhverju samhengi er varla um einelti að ræða, nema trúaðir séu svo viðkvæmar sálir að öll umræða um hugðarefni þeirra verði að skoðast sem við viðkvæm börn sé að eiga, hvar og hvenær sem er, undir öllum kringumstæðum.

- „**fordæmum minnihlutahópa á borð við gyðinga.**“

Hvaðan í ósköpunum kemur þetta í kollinn á Bjarna Randveri? Hefur eitthvað á síðum Vantrúar eða manna sem eru áberandi í röðum Vantrúar bent til þess að við fordæmum gyðinga? Er þetta lúmskt bragð til að reyna að spyrða vantrúarmenn við nazista eða sýna þessi orð kannski bara hugrenningatengsl og bjagaða veruleikaskynjun Bjarna Randvers?

- „**ástundum guðleysistrúboð í neikvæðri merkingu þess orðs.**“

Í fyrsta lagi má deila um hvort Vantrú stundar trúboð yfir höfuð. Og menn hljóta að spyrja hvað er guðleysistrúboð í neikvæðri merkingu þess orðs?

Glæra 34 er mynd af mynddiski með þætti Richard Dawkins „The root of all evil?“. Bjarni Randver varpar líka fram nokkrum spurningum um skilning Dawkins á nokkrum

grunnhugmyndum.

Við getum rétt gert okkur í hugarlund hver svörin við þessum spurningum eru í huga Bjarna Randvers.

Glæra 35 er röð spurninga um hver er „vandinn við kvikmyndina Root of all evil?“ Aftur hryllir okkur við tilhugsuninni um hver svörin við þessum spurningum eru í huga guðfræðingsins. Hins vegar viljum við óska eftir því sérstaklega að þessi glæra verði notuð örlítið breytt til að meta þessa glæruöð hans sjálfs. Breytt væri glæran svona:

Vandinn við glæruöðina Vantrú

Um hvers konar kynningu er að ræða?

-Heimildarýni eða áróður?

-Hver er tilgangurinn með glærunum?

-Út frá hvaða forsendum er gengið?

-Hvernig hefur Bjarni Randver undirbúið sig?

-Bera glæurnar vott um að Bjarni Randver hafi kynnt sér framlag Vantrúar, svo sem á sviði lagasetningar, skólahalds, stefnumörkunar stjórn málaflakka og almennrar umræðu um trúmál í þjóðfélaginu?

-Í hverja er vitnað í glærunum og hvernig?

-Njóta þeir sem vitnað er í sannmælis?

Vantrúarmenn eru ekki viðkvæmar sálir með opna kviku. Við þolum ágætlega harða gagnrýni og aðfinnslur. Ekki er hægt að banna afbökun, útrúsnúninga, rangtúlkanir og jafnvel andúð eða óbeit á félagsskap okkar. Hins vegar finnst okkur hægt að gera þá kröfu til Háskóla Íslands og kennara hans að vantrúarmenn njóti sannmælis þegar þeir eru teknir fyrir í kennslustundum og að umfjöllun um þá sé málefnaleg.

Það er óviðundandi að í umfjöllun um Vantrú fjallar Bjarni Randver nær ekkert um félagið sjálft. Tilvitnanir eru flestar af bloggsíðum en ekki Vantrú þrátt fyrir að rúmlega 2000 greinar, tilvitnanir og teiknimyndir auk um 28 þúsund athugasemda sé að finna á síðum Vantrúar.

Bjarni vitnar í eina og hálfu grein úr lögum félagsins á fyrstu glæru. Meira er ekki að finna um tilgang eða starfssemi Vantrúar í kynningunni. Ekkert er fjallað um baráttu félagsins gegn trúboði í leik- og grunnskólum þótt sú umræða hafi verið plássfrek á síðu félagsins og í greinum félagsmanna Vantrúar í öðrum miðlum. Ekkert er minnst á mótmæli gegn helgidagalöggjöfinni þó páskabingó Vantrúar hafi vakið athygli fjölmiðla. Það vekur furðu að ekkert er minnst á fjölmörg málefni sem Vantrú fjallar um, ekkert minnst á hjálækningar, miðla eða gervivísindi sem Vantrú gagnrýnir reglulega. Reynsla félagsins er að margir trúmenn eru sammála okkur varðandi þessi málefni. Af kynningu Bjarna gæti fólk haldið að félagið gagnrýni einungis kristna trú.

Margar greinar hafa verið skrifaðar á Vantrú þar sem fjallað er um tilgang og markmið félagsins. Þar kemur fram að tilgangur þess er að veita mótvægi við boðun hindurvitna. Bent er á að hindurvitni, þ.m.t. trúarbrögð, séu boðuð á Íslandi af miklum móð. Vantrú hefur þann

tilgang að veita mótvægi, að birta greinar þar sem illa eða órökstuddar fullyrðingar eru gagnrýndar málefnalega. All lengi hefur slíkt mótvægi vantað, fólk er sinnulaust og nennir ekki að skipta sér af þó það viti að verið sé að blekkja náungann. Vantrú stendur gegn sinnuleysi.

Vantrú hefur ætíð barist fyrir mannréttindum, jafnrétti, trúfrelsi og tjáningarfrelsi en enga vísbendingu um slíkt er að finna í glærum Bjarna.

Af þessum glærum að dæma er umfjöllun Bjarna um Vantrú því ekki einungis ófagleg heldur er ekki hægt að komast að annarri niðurstöðu en að tilgangur hennar sé beinlínis að rægja félagið og ala á fordómum í garð meðlima þess.

Við höfum oft furðað okkur á ranghugmyndum kirkjunnar manna um okkur í Vantrú og málstað okkar (og eflaust er það gagnkvæmt) en lítil von er á nokkrum breytingum í þeim efnum ef sú fræðsla sem upprennandi guðfræðingar / trúarbragðafræðingar hljóta er í höndum Bjarna Randvers að óbreyttu.